

Kría – nýtt byggyrki frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Jónatan Hermannsson
Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti

Kría er íslenskt byggyrki, sem verður í fyrsta skipti á markaði nú í vor. Kría var búin til með kynbótum á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en flyst nú með öðrum eignum stofnunarinnar yfir til Landbúnaðarháskóla Íslands.

Miklar kröfur verður að gera til byggs, sem ætlað er til ræktunar á Íslandi. Í fyrsta lagi verður að búa það fljótum þroska, þó ekki fljótari en svo að byggið noti lungann úr vaxtartímanum. Í öðru lagi verður byggið að hafa sterkt strá, svo að það leggist ekki flatt á fjósömu landi. Í þriðja lagi verður það að þola hvassviðri á hausti án þess að bogna eða brotna og það bæði fyrir og eftir þroska. Í fjórða lagi verður byggið að skila meiri og betri uppskeru en erlend yrki, sem í boði eru.

Kría er tvíraða og er byggð á sænska yrkinu Pernillu. Víxlanirnar hafa verið gerðar í þremur þrepum. Fyrst var fljótþroska sexraðabyggi frá Noregi víxlað við Pernillu, afkomanda úr þeirri víxlun var aftur víxlað við Pernillu. Eftir úrval úr þeirri víxlun fékkst yrkið Skegla, sem hefur verið hér á markaði um þriggja ára skeið. Þá var Skeglu víxlað við formóður sína, Pernillu, og úr þeirri víxlun fékkst Kría. Þannig sækir Kría ⅔ erfðaefnis síns til Pernillu. Kría víkur þó frá ættmóður sinni í ýmsum eiginleikum, fyrst og fremst í fljótum þroska. Á hverju þrepi þessa ferils hefur verið valið stíft fyrir þeim eiginleikum, sem ætla má að skipti máli við íslenskar aðstæður. Að minnsta kosti 300 kynbótalinur lentu á ruslahaugi sögunnar áður en hin endanlega Kría varð útvalin.

1. tafla. Ýmsar mælingar á korni. Kría og önnur byggyrki, sem eru á markaði hérlendis. Meðaltal 20 tilrauna árin 2002–2004.

		Þúsundkorn g	Rúmþyngd g/100 ml	Þurrefni v/skurð %	Skrið í júlí
Kría	2r	38	68	65	14.
Skegla	2r	40	67	66	11.
Filippa	2r	44	66	59	19.
Rekyl	2r	39	65	58	20.
Saana	2r	37	62	59	22.
Ven	6r	34	64	61	21.
Olsok	6r	33	58	67	17.
Arve	6r	34	59	66	13.

Eins og sést í 1. töflu ber Kría fremur smátt korn, en hefur mestu rúmþyngd allra yrkja, sem mæld hafa verið. Það síðarnefnda er kostur og má nota sem mælikvarða á föðurgildi

korns fyrir einmaga skepnur. Þurrefnishlutfall við skurð er mælikvarði á fljótan þroska. Kría er þar í flokki með hinum fljótþroska yrkjum, svo sem Skeglu, Arve og Olsok. Kría er 6 prósentustigum þurrari en Filippa, svo að dæmi sé tekið. Það skiptir máli þegar korn er þurrkað. Til þess að fá eitt tonn af þurri Filippu þarf að þurrka burt 135 kg af vatni umfram það, sem þurrka þarf úr Kríu.

Í samanburði við önnur tvíraðayrki hefur Kría fá korn í axi eða venjulega á bilinu 16–18. Hún bætir það upp með því að þetta sig betur en flest önnur yrki, það er hver planta ber marga stöngla. Þessi þéttleiki kemur að góðu gagni í baráttu við illgresi, enda hefur Kría haldið illgresi í skefjum í öllum tilraunum og betur en flest önnur yrki. Kría er miðlungi há vexti eða um 80 sm undir ax á frjósamri jörðu. Hún er því um 10 sm lægri en Skegla og Filippa og um 25 sm lægri en Olsok og Arve.

Kría er ekki ónæg gegn sveppnum sem veldur augnflekk á blöðum, en þolir hann nokkuð vel. Uppskerurýrnun Kríu af völdum sveppsins hefur mælst 5% í tilraunum meðan sambærilegar tölur fyrir Skeglu, Filippu, Arve og Olsok eru 4, 12, 11 og 25%. Kría stendur mjög vel og leggst ekki, þótt hún sé ræktuð í frjósömu landi. Eftir að þroska er náð getur hún brotnað, en þó því aðeins að hún sé sýkt af fyrrnefndum sjúkdómi. Heilbrigð Kría hefur staðið í öllum tilraunum áfallalaust.

2. tafla. Samanburður tvíraðayrkja í tilraunum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árin 1993–2004.

Röð	Yrki	Korn t þe./ha	Skekkja samanburðar við Filippu	Fjöldi tilrauna	Fjöldi ára
1.	Teista	4,1	0,09	19	3
2.	Lóa	4,1	0,16	6	2
3.	Kría	3,9	0,07	37	>5
12.	Saana	3,8	0,09	16	4
29.	Rekyl	3,6	0,09	15	4
38.	Skegla	3,6	0,05	62	>5
63.	Filippa	3,3	–	66	>5

Í 2. töflu eru birtar niðurstöður úr tilraunum síðustu 12 ára. Uppskeran í tonnum talið er því ekki eins mikil og menn hafa vanist í góðæri síðustu ára, en það er munurinn milli yrkja sem gildir. Í töflunni eru eingöngu borin saman tvíraðayrki. Innbyrðis raðast þau yfirleitt á svipaðan hátt hvarvetna. Sexraðayrki eru aftur á móti oftast öll efst í tilraunum (nyrðra) eða neðst (syðra) og því myndi þátttaka þeirra í þessum samanburði auka skekkjuna úr öllu hófi. Í efstu sætum töflunnar eru tvær nýjar íslenskar kynbótalínur, sem ef til vill eiga framtíðina fyrir sér. Að þeim fráteknunum stendur Kría efst. Öll þau yrki sem vantar í röðina, allt upp í 40. sæti, eru líka íslenskar kynbótalínur nú gengnar fyrir ætternisstapann. Seinþroska yrkin Saana og Rekyl njóta góðs af því að hafa einungis verið reynd hér á hinum síðustu og hlýjstu tímum.

3. tafla. Samanburður á uppskeru Kría og sexraðayrkja í 8 tilraunum á Norðurlandi árin 2002–2004.

1. Ven	6r	5,7	t þe./ha
2. Kría	2r	5,4	t þe./ha
3. Olsok	6r	5,2	t þe./ha
4. Arve	6r	5,1	t þe./ha

Í grófum dráttum má skipta landinu í þrjú kornræktarsvæði eftir því hvaða byggyrki henta á hverjum stað. Fyrst má nefna norðurhluta landsins, allt frá Lónsheiði norður og vestur um að Skarðsheiði. Þar hentar sexraðabygg, mest er notað Arve og næst Olsok. Á þeim slóðum hefur seinþroskabyggið Ven gert það gott í góðæri eins og verið hefur síðustu 3 árin (sjá 3. töflu), en hefur brugðist í meðalári t.d. 1999. Annað svæðið er Vesturland sunnan Skarðsheiðar, uppsveitir sunnanlands og Hornafjörður. Þar hentar tvíraðabygg, helst Skegla. Í þriðja lagi eru svo lágsveitir sunnanlands. Þar hentar líka tvíraðabygg. Filippa hefur verið þar í miklum metum.

Kría er lík Skeglu, eins og áður hefur komið fram, en skilar 10% meiri uppskeru (sjá 2. töflu). Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að Kría muni í fyrstu koma í stað Skeglu, þar sem sú síðarnefnda hefur verið ræktuð. Kría mun til viðbótar eiga miklu betri samkeppnisstöðu en Skegla í lágsveitum syðra. Kría skilar þar að minnsta kosti jafnmikilli uppskeru og útlensku byggyrkin og eykur öryggi kornræktarinnar með fljóttum þroska. Eins mun Kría geta veitt sexraða byggi verulega samkeppni norðanlands og býður upp á öryggi, sem byggist á fljóttum þroska og strástyrk í haustveðrum.

Heimildir

Jarðræktarrannsóknir Rala 2002. Fjölrit RALA nr. 213. 32–35.

Jarðræktarrannsóknir Rala 2003. Fjölrit RALA nr. 215. 25–29.

Jónatan Hermannsson 2001. Ræktunarbelti á Íslandi. Handbók bænda 51. árg. 21–23.

Korntilraunir Rala 2004. Óbirtar niðurstöður.